

Aðalritstjóri: Reynir Traustason
Ritstjóri: Guðmundur Sigurðsson
Ritstjórnarfulltrúi: Hrafn Jökullsson
Auglýsingastjóri: Þórir Traustason
Ábyrgðarmaður: Reynir Traustason
Umbrot og prentun: H-prent, Ísafirði.

Framkvæmdaráð hátíðarinnar:

Benedikte Thorsteinsson
 Reynir Traustason
 Guðmundur Sigurðsson
 Björn Ingi Bjarnason
 Kristrún Lind Birgisdóttir
 Guðbjartur Jónsson
 Hrafn Jökullsson
 Þórir Traustason
 Jón Trausti Reynisson
 Lýður Árnason
 Halldór Sveinbjörnsson
 Stefán Þór Herbertsson
 Gretar Þór Sæþórsson

Styrktaraðilar:

Norðurlandaráð
 Grænlandssjóður
 Forsætisráðuneytið
 Ísafjarðarbær
 JPV bókaforlag
 Sparisjóður Vestfirðinga
 Allrahanda
 Samik
 Kalak
 Önfirðingafélagið
 Flugfélag Íslands
 Eimskip
 Kópavogsbær
 Ferðaþjónustan í Reykjanesi
 Hótel Edda
 Vagninn
 Íbúasamtök Öfundarfjarðar
 Minjasjóður Öfundarfjarðar
 Skák í norðri
 Græðir sf. verktakafyrirtæki.



Benedikta Thorsteinsson á Flateyri í júní 2003. Hún stóð á sínum tíma fyrir söfnuninni Samhugur á verki á Grænlandi. Nú er hún einn aðstandenda hátíðarinnar Grænlenskar nætur.

Benedikta Thorsteinsson undirbjó Grænlenskar nætur:

Flateyri fangaði hjarta mitt

„Eftir að ég stóð fyrir söfnuninni Samhugur í verki á Grænlandi urðu Flateyringar mér afar hugleiknir. Þrátt fyrir að ég hefði búið á Íslandi um árabil hafði ég aldrei komið vestur,“ segir Benedikte Thorsteinsson, fyrrum félagsmálaráðherra á Grænlandi, sem hefur átt stóran hlut í undirbúningi hátíðarinnar Grænlenskar nætur.

Benedikte er formaður Kal-

ak, vinafélags Íslendinga og Grænlandinga sem stendur fyrir hátíðinni ásamt Önfirðingafélaginu. Hún heimsótti Flateyri fyrst sumarið eftir snjóflóðið og varð þá afskaplega snortin.

„Ég upplifði bæinn í glampandi sólskini með sorgarblæ og gapandi sár þar sem húsin voru áður. Fegurðin á Flateyri og í Öfundarfirði fangaði strax hjarta mitt,“ segir Benedikte á lýtalausri íslensku.

Benedikte er fædd og uppalin á Suður-Grænlandi, á slóðum Eiríks rauða og Leifs heppna. Hún er tíunda íröðinni af fimmtán systkinum. Foreldrar hennar bjuggu á bóndabænum Equalit í Einarsfirði. Bæjarnafnið gæti útlagst á íslensku sem Silungastaðir en þar ólst Benedikte upp.

Þegar hún var barn lærði hún fyrstu orðin í íslensku. Aðeins íslenska Ríkisútvarpið náðist á Silungastöðum og því lagði fólk sig eftir því að skilja það sem fram fór.

„Við hlustuðum alltaf á veðurfregnir og flestir á mínum slóðum skildu það sem fram fór. Í þá daga endaði dagskráin á íslenska þjóðsöngnum og við kunnum hann utan að. Á þessum árum kviknaði áhugi minn á þessari þjóð sem talaði svo skringilegt tungumál,“ segir hún og hlær.

Á Silungastöðum var fjölbreyttur bústofn.

„Við vorum með sauðfé, kýr og jakuxa frá Tíbet svo eitt-hvað sé nefnd. Við vorum afar stolt af okkar landssvæði og vorum með okkar eigin þjóðsöng og þjóðfána í Equaluit. Sjálfstæði er því sjálfsagður hlutur í mínum huga,“ segir Benedikte.

Félagsmálaráðherra

Þegar hún var við nám í Kaupmannahöfn kynntist hún manni sínum, Guðmundi Thorsteinssyni en Vestfirðingar þekkja vel til bróður hans, Guðjóns Þorsteinssonar, félagsmálaráðherra á Ísafirði. Eftir að Benedikte kynntist manni sínum bjuggu þau með stuttum hléum á Íslandi frá 1971 til 1984. Þá fluttu þau til Qaqortoq á Suður-Grænlandi sem er stærsti bærinn á þessum slóðum norrænna manna. Þar hófst pólitískur ferill hennar. Hún var kosin í bæjarstjórn árið 1989 fyrir Siuutflokkinn. Árið 1995 var hún svo skipuð félagsmálaráðherra í ríkisstjórn Lars Emil Johansen.

„Ég hafði starfað lengi í flokknum og var meðal annars í miðstjórn hans. Það kom mér því ekki á óvart að vera valin sem félagsmálaráðherra. Þegar ég kom aftur til Grænlands samkvæmt ósk mannsins míns árið 1984 blöskraði mér sú mikla drykkja sem var á löndum mínum. Ég var í pólitík til að berjast gegn áfengisbólinu. Í starfi mínu á bæjarskrifstofunni í Qaqortoq komst ég ekki hjá því að sjá þau vandamál sem uppi voru. Ég hafði því góðan grunn til að starfa sem félagsmálaráðherra,“ segir Benedikte.

Í lok ársins 1997 hætti hún sem ráðherra þegar Lars Emil hvarf úr embætti formanns heimastjórnarinnar og Jonathan Motzfeldt tók við. Þá var henni falið að undirbúa háttföð vegna landafundanna. Næstu tvö árin vann hún að undirbúningi hátíðarhaldanna. Árið 2000 stóð hún fyrir hátíðinni í Brattahlíð þar sem fagnað var 1000 ára afmæli landafund-

anna. Þegar því verkefni lauk fluttu Guðmundur og Benedikte til Íslands þar sem þau settust að í Hafnarfirði.

Í viðskiptafræði

Hún hóf nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands auk þess að sinna ýmsum sérverkefnum. Þau eiga fjögur börn. Elst er Inga Dóra, sem fetaði í fótspor móður sinnar og var kosin í bæjarstjórn í höfuðborginni Nuuk. Hún varð vara-borgarstjóri í framhaldi af kjörinu. Súsan Ýr er næst í röðinni en hún starfar á ferðaskrifstofufu í Nuuk og sérhæfir sig á ferðum á milli landanna. Þriðji í röðinni er Andreas Þorsteinn sem var skírður á Íslandi. Benedikta hlær þegar hún lýsir samtalinu við séra Þóri Stephensen sem átti að skíra drenginn.

„Ég hringdi í séra Þóri dómkirkjuprest og gaf honum upp nafnið. Hann spurði undrandi af hverju drengurinn ætti að heita útlensku nafni. Ég sagði eins og var að hann væri hálfur Grænlandingur. „Nú, er þabbin grænlenstur,“ hváði presturinn við. Ég var rígmontin yfir því að hann héldi að ég væri íslensk. Þá hlaut ég að vera búin að ná tungumálinu vel,“ segir Benedikte.

„Litli silungurinn okkar er Egoalunguaq Abel Kristiansen. Hann heitir í höfuðið á þabba sem hét Abel Kristiansen. Hann er sá eini af börnum okkar sem er fæddur á Grænlandi. Hann ætlar sér að ná langt í handboltanum,“ segir hún.

Benedikte er orðin amma og segist njóta þess hlutverks. „Súsan Ýr á tvo stráka, Niels Peter Nuunu og David Guðmund Mínik, Johnsen og Inga Dóra á litla Maju sem er að einum fjórða hluta Íslendingur, einum fjórða Færeyingur og hálfur Grænlandingur. Inga Dóra á von á öðru barni í sumar. Barnabörnin eru sól-argeislar lífs míns,“ segir Benedikte.

Síðustu mánuði hefur Benedikte verið í námi auk þess að undirbúa skákvæðingu Grænlands með félaginu Skák í norðri sem er afsprengi Hróksins í Reykjavík. Á sama tíma hefur hún verið óþreytandi að undirbúa Grænlenskar nætur.

„Ég vildi gefa löndum mínum kost á að koma til Flateyri til að sjá feður þessa staðar sem hefur orðið að þola svo margt. Þá er ekki síður mikilvægt að fá tækifæri til þess að kynna grænlenzka menningu fyrir Flateyringum og öðrum Íslendingum. Það er dásamlegt að fá tækifæri til að þess að njóta gleði með fólkinu á staðnum, fagna lífinu og skapa tengsl veggja nágrannaþjóða,“ segir Benedikte Thorsteinsson.

Lestu góða bók í fríinu

6 nýjar kiljur á broslegu verði:

kr. 1.590 (Leiðbeinandi útsöluverð)

JPV

JPV UTGÁFA

Bræðraborgarstíg 7 • Síni 575 5600
www.jpv.is

Grænlenskar nætur á Flateyri

Fjöldi grænlenkra listamanna og handverksfólks mun heimsækja Ísland til að halda menningarhátíð 10. til 13. júlí ásamt íslensku listafólki. Hátíðin verður haldin á Flateyri á Vestfjörðum. Eftir snjóflóðið mikla sem féll á Flateyri efndu Grænendingar til landssöfnunar til stuðnings Flateyringum.

Hugmyndin að því að haldin yrði slík hátíð á Flateyri varð til í samræðum Benediktu Thorsteinsson, fyrrverandi félagsmálaráðherra grænlenksu landstjórnarinnar og Reynis Traustasonar, blaðamanns og rit höfundar. Benedikta var í forsvari fyrir söfnunina Samhugur í verki á Grænlandi en Reynir er brottfluttur Flateyringur og skrifaði bókina Seiður Grænlands sem fjallar um íslendinga búsetta á Grænlandi.

Önfríðingafélagið, átthaga félag Flateyringa, og Kalak, félag Grænlandsvina á Íslandi tóku hugmyndinni fagnandi og standa fyrir hátíðinni. Benedikta er formaður Kalak og

jafnframt framkvæmdastjóri Grænlenksu nóttu.

Hátt í sextíu Grænendingar munu koma til Flateyrar og taka virkan þátt í hátíðinni ásamt fjölda Íslendinga, Dana og Færeyinga.

Grænlenkskt þorp

Íbúar í Nanortalik munu setja upp Inúítaþorp á hátíðinni og sýna þar handverk sitt líkt og þeir gerðu á Landafundahátíðinni í Brattahlíð árið 2000. Þorpsbúar eru um 10 og munu þau koma með konubát „Umiaq“, tjóld og verkfæri og vera klædd skinnfötum að fornum sið. Þorpsbúar munu sýna lifnaðarhætti Grænendinga til forna, flá seli, elda og sýna gömlu handtökin. Stefnt verður að því að eiga fyrir nokkra seli til að flá og gera að, grilla þá og selja. Hópurinn mun hafa með sér handverk og skinnvörur til sýningar og sölu.

Sönghópurinn „Inngeratsiler“ frá Tasiilaq syngur hefðbundinn grænlenkskan kór-

söng. Kórinn er einnig kirkjukór í sínu bæjarfélagi og telst til þeirra betri í landinu. Kórfélagar eru um fimmtán talsins.

Kajak menn og konur frá Grænlandi, Danmörku og Færeyja munu taka þátt í „Grænlenkskum nóttum“ bæði til að halda námskeið í kajaksmíði og að sýna kajakkunstir og taka þátt í landskeppni í róðri.

Grænlenkski listmaðurinn Miki Jacobsen, búsettur í Kanada, verður með sýningu á málverkum sínum. Hann er góður tónlistarmaður, með honum mun koma hljómsveit sem samanstendur af fimm öðrum tónlistarmönnum. Hljómsveitin „Appapapii“ hefur sérhæft sig í trumbuleik, afrískum, grænlenkskum og öðrum trumbum.

Hljómsveitin „Arneva“ frá Tasiilaq kemur einnig fram. Hljómsveitin mun koma fram á dansleikjum á hátíðarhöldunum ásamt öðrum sveitum. Trommudansari og hand-

verksmaður, báðir frá Kulusuk í Austur-Grænlandi, munu sjá um að kynna arfleifð okkar. Báðir eru þeir „Andar“ enda í bestu ínúíta anda, þeir Anda Kuitsi trommudansari og Anda Kilimi handverksmaður.

Á mótinu verður þáttur Íslands sá, að hljómsveit Sigga Björns muni sjá um tónlistina á dansleikjum ásamt grænlenksku hljómsveitunum „Appapapii“ og grúppunni „Arneva“ frá Tasiilaq. Þá mun hljómsveit héraðslæknisins á Flateyri sem jafnframt er kvikmyndaframleiðandi, koma fram alla dagana.

Grænlenksk messa

Auk þess að koma fram á Flateyri munu grænlenksku



Frá Flateyri þar sem um 60 Grænendingar munu halda hátíð ásamt heimamönnum 10. –13. júlí.

listamennirnir koma fram í Reykjavík og Kópavogi.

Annað gott fólk á staðnum mun sýna handverk og myndlist og halda fyrirlestra. Þá mun vestfirski listamaðurinn Reynir Torfason verða með sýningu á listaverkum sínum. Þá verður varðeldur og hugsanlega flugeldasýning. Jonathan Motzfeldt, forseti grænlenkska þingsins, mun heimsækja hátíðina

ásamt eiginkonu sinni Kristjönu Motzfeldt, sem er ættuð af Vestfjörðum. Jonathan mun þá messa í Flateyrarkirkju og kórinn Inngeratsiler mun syngja.

Norðurlandaráð, Ísafjarðarbær og íslenskir og grænlenkskir sjóðir styðja þetta verkefni auk velviljaðra fyrirtækja.

Liggur fyrir lágfótu

„Ég er búinn að vera með veiðidellu frá því ég var barn, fyrst í stað voru það fiskveiðar sem heilluðu okkur púkana, en síðustu tuttugu árin hef ég verið með mikla dellu fyrir skotveiði. Þessi veiðiáhugi

hefur því fylgt mér alla tíð,” segir Kristján Rögnvaldur Einarsson á Flateyri.

Kristján hefur undanfarin fimm ár stundað grenjavinnslu í Önundarfirði og Dýrafirði og hefur á þeim tíma felld langt

á annað hundrað dýr. Miklar útilegur fylgja grenjavinnslu og því hefur Kristján komið sér upp afdrepum víða um Önundarfjörð þar sem hann liggur fyrir lágfótunni enda þekkir hann vel til ferða hennar

og hegðun við ætisleit.

„Það má ekki láta mikið heyrast til sín, minnsta þrusk setur stýggð að dýrinu. Þessi veiði krefst oft mikillar þolinmæði enda er tófan vör um sig. Þá þarf að liggja alveg hreyfingarlaus og bíða færiss,“ segir Kristján.

Oft hefur Kristján náð dýrunum lifandi og hefur komið fyrir að hann hafi haft þau fyrir gæludýr á heimilinu. Núna er hann með tvo yrðlinga sem hann er með í föstri og situr gjarnan á veröndinni með þá í fanginu og lætur vel að þeim. Ekki er annað að sjá en að þeir kunni atlatinu hið besta. Þeir eru ófáir selirnir sem Kristján hefur veitt í gegnum tíðina, mest í Önundarfirði og á nesjunum beggja vegna fjarðar.

„Ég hef verið að safna selskinnum til eigin nota og á orðið nokkuð af þeim. Hugmyndin er að láta sauma úr þeim fyrir mig en sum skinnin nota ég til skrauts á heimilinu,“ Kristján hefur tekið að sér



Kristján Rögnvaldur bíður þess alþúinn að lágfótan láti sjá sig, þá þarf ekki að spyrgja að leikslökum.

að veiða seli sem boðið verður uppá í veglegri grillveislu þar sem Grænendingar munu

matreiða krásirnar ofan í hátíðargesti á Grænlenkskum nóttum í júlí.



Kristján heima á veröndinni með yrðlingana sem hann hefur tekið sér sem gæludýr á heimilinu.

Rokksveitin Hjálparandi seiðmannsins

Grænlenkska rokksveitin Arneva er frá Tasiilaq þar sem hún nýtur mikilla vinsælda. Tónlist sveitarinnar á rætur sínar í rokki en er með grænlenksku ívafi. Sex manns skipa sveitina en þar af eru tvær söngkonur. Aðal-sprauta hljómsveitarinnar er Lars Jørgensen gítarleikari sem um árabíl hefur verið í grænlenkskum hljómsveitum. Söngkonan Dorthea Ignatiussen hefur meðal annars sungið með Björk Guðmundsdóttur á heimsferðalaginu árið 2000. Þá var Dorthea í grænlenkskum kór Bjarkar. Hin söngkonan er Kista Ignatiussen en hún hefur mikla reynslu sem söngkona. Mikael Sivertsen er bassaleikari með mikla reynslu að baki. Trommuleikari Arneva er Aron Jonathansen, þekktur fyrir kraftmikinn leik.



Viðfrægur kór frá Tasiilaq

Kórinn „Inngeratsiler“ er frá Tasiilaq, höfuðstað Austur-Grænlands. Kórinn fer með stórt hlutverk á Grænlenkskum nóttum. Hann var stofnaður 20. maí 1983 og er því orðinn 20 ára. Nafnið Inngeratsiler er austurgrænlenkska og þýðir „að raula“. Kórinn nýtur mikillar virðingar og hann þykir mjög sérstakur. Fast er haldið í hefðir og siði austurgrænlenkskra forfeðra.

Kórfélagar syngja ekki aðeins heldur beita líka leikrænni tjáningu. Kórinn fór í söngferðalag um Evrópu árið 1987, þar sem hann söng og sýndi leiki að sið forfeðranna við góðar undirtektir. Og 1988 fór kórinn til Svíþjóðar á hátíð þar og sama ár á menningarhátíð í Nuuk. Kórinn hefur komið fram á þingum ICC (Inuit Circumpolar Conference, sem eru samtök ínúíta). Kórinn kemur fram við öll hátíðleg tækifæri í heimabæ sínum, Tasiilaq. (Ammassalik).



Guðni Ágústsson og Össur Skarphéðinsson á Grænenskum nóttum:

Þar sem tveir Flateyringar koma saman - þar er gaman

Meðal þeirra fjölmörgu gesta sem sækja munu Flateyri heim á hinum Grænensku nóttum má nefna þá Guðna Ágústsson landbúnaðarráðherra og heiðursforseta Hrutavinafélagsins Örvars og Össur Skarphéðinsson alþingismann og vatnavíking Örvars.

Össur mun á laugardegnum halda fyrirlestur um samskipti Íslendinga og Grænendinga til forna og bregða upp myndrænum lýsingum af þessu merka tímabili í samskiptum þjóðanna.

Guðni mun koma hátíðargestum á óvart í ávarpi sínu eins og hans er von og vísa.



Össur Skarphéðinsson.



Guðni Ágústsson.

Það er kærkomið fyrir alla unndur Jóhannesar Kristjánssonar eftirhermu frá Ingjaldssandi að koma og hlíða á ráðherrann. Þar sem tveir Flateyringar koma saman - þar er gaman.



Stefán Hrafn Magnússon hreindýrabóndi á Grænlandi.

Stefán Hrafn Magnússon hreindýrabóndi:

Íslendingurinn í Isortog

„Frjálsræðið og náttúran er það sem mest heillar mig á Grænlandi. Þá er veðurfarið gott,“ segir Stefán Hrafn Magnússon, hreindýrabóndi í Isortog á Suður-Grænlandi, sem búið hefur á Grænlandi síðan árið 1983.

Ásamt Ole Kristiansen rekur hann stærsta hreindýrabú á Grænlandi í Isortog, um 60 sjómílur í norðvestur frá Quaartog. Þar hafa þeir byggt upp lítið þorp með sláturhúsi sem stenst kröfur ESB. Þar með mega þeir framleiða hreindýrakjöt á Evrópumarkað.

Stefán Hrafn er Íslendingur, fæddur í Reykjavík. Hann hefur mikla reynslu af hreindýrækt og lærði meðal annars af Löppum í Noregi og Svíþjóð. Stefán býr með Lone Nielsen frá Quaartog. Þau eiga tvö börn, Manitsiaq John og Aþenu Heklu.

Stefán Hrafn fer flestra sinna ferða milli staða á Suður-Grænlandi á bátum Bjarna Herjólfssyni. Nafn bátsins er tilkomið vegna þess að Stefán telur fullvíst vera að Bjarni Herjólfsson sé maðurinn sem fyrstur fann Ameríku en ekki Leifur Eiríksson svo sem haldið er fram. Þar vísar hann

til þess að viðurkennt sé að Bjarni Herjólfsson hafi siglt frá Grænlandi að ströndum Ameríku áður en Leifur Eiríksson tók þar land. Stefán Hrafn segir fráleitt að halda því fram að Bjarni hafi siglt upp að ströndinni án þess að stíga á land. Skýringin á því að Bjarni hafi ekki fengið sögulega viðurkenningu sé að finna í þeirri staðreynd að Leifur hafi verið af höfðingjættum en Bjarni ekki og höfðingjarnir stjórni því hvernig sagan sé skráð.

Stefán Hrafn segir að framtíð Grænendinga sé björt. Hann segir það vera mest árið-andi að kynþættir lifi saman í sátt og samlyndi.

„Grænland framtíðarinnar á að vera land þar sem kynþáttadiskilnaðarstefna á ekki heima. Þar eiga allir norrænir menn að lifa saman í sátt og samlyndi og vinna saman að hag landsins. Tækifærin liggja við hvert fótmál og aðeins þarf að bera sig eftir þeim,“ segir hann.

Skák hefur ekki verið iðkuð með skipulögðum hætti síðan á dögum norrænna manna um það leyti sem Vínland hið góða fannst fyrir rúmum 1100 árum. Stefán Hrafn er ánægður með

að skákin skuli nú nema land á Grænlandi eftir langt hlé.

„Skákin er göfug íþrótt sem kennir fólki að hugsa og íhuga. Unglingastarf miðast of mikið við tónlist og hávaða sem ekkert skilur eftir sig. En það verður að koma á legg skáklúbbum sem víðast og halda því starfi við. Þá þarf að gefa út skákbækur og annað efni til að leiðbeina fólki. Meðal annars gefur internetið Grænendingum tækifæri til þess að taka þátt í alþjóðlegri skák. Grænendingar búa á norðlægum slóðum þar sem dagurinn er stuttur og kalt að vetrinum. Skákin er því mjög ákjósanleg til þess að stunda í tómstundum. Þetta er mannþættandi íþrótt og fagnaðarefni að hún skuli vera komin,“ segir hann.

Stefán Hrafn er ekkert á förum frá Grænlandi. Hann og Ole stefna að auknu samstarfi við Íslendinga varðandi vinnslu á hreindýrakjöti. Á Íslandi stendur til að vinna grænenskt hreindýrakjöt í neytendapakkingar og senda um allan heim.

„Það er svo mikið af verkefnum á Grænlandi að þótt ég lifði í 300 ár þá myndi mér ekki endast aldur til að ljúka þeim öllum,“ segir hann.

KVIKMYNDAFÉLAGIÐ

Í EINNI SÆNG

PAKKAR VESTFIRDINGUM
STUDNINGINN Á LIDNUM VETRI

SAMKAUP
...gæði og ferskleiki! SÍMI 456 5460

OPIÐ:
mán-fös kl. 9-21
laugard. kl. 10-21
sunnud. kl. 12-21

VERIÐ VELKOMIN Í
VERSLUN OKKAR Í
HJARTA BÆJARINS

þjónusta og þægindi í fyrirrúmi

Kennt á kajak

Námskeið verður haldið fyrir kajakfólk á Grænenskum nóttum. Kennt verður á grænenska kajak og einnig hefðbundna plastbáta. Kennarar verða kajakmennirnir Pavia Lumholt, búsettur í Danmörku og Jakúp Jacobsen, færeyskur kajaksmiður, sem einnig mun sýna byggingu á kajak. Fólk mun gefast kostur á að róa í fylgd með kennara og læra að hvolfa bátum og snúa kajaknum aftur á réttan kjöl. Á Flateyri rekur Sigurður Hafberg kajakleigu. Hann mun leigja báta um hátíðardagana.



EIMSKIP

LYFJA

Siggi Björns og hljómsveit til Flateyrar:

Grænlenskar nætur verða ógleymanlegar

Varla er þörf á því að kynna heimshornflakkarann og fjölbreyttu trúðadórinn Sigga Björns fyrir landsmönnum, hvað þá Vestfirðingum. Siggi mun mæta með fríðu föruneyti og skemmta Grænlenstum nóttum sem hann telur eiga eftir að verða fólki ógleymanlegar.

Að sjálfsögðu hefur Siggi spilað á Grænlandi og fengið þar svo góðar viðtökur að hann er búinn að hljóðrita nýtt lag með aðstoð grænlenks tónlistarmanns.

Fólk í öllum heimsálfum þekkir til Sigga og alkunna er að hann er fæddur og uppalinn

á Flateyri fyrir allnokkrum árum, það var á þeim tímum þegar skipin voru úr tré en karlarnir úr stáli.

Síðustu ár hefur Siggi búið í Kaupmannahöfn og gert út þaðan og má segja að gamli verbúðarflakkarinn sé búinn að stækka vertíðarsvæðið allnokkuð, með heimsbyggðina undir.

Með þessum knáa trúðador koma tveir enskir tónlistarmenn, þeir Keith Hopcroft og Tam Lawrence en þeir hafa líkt og Siggi, sest að í Danaveldi.

Keith hefur lengi komið fram með Sigga og m.a. komið

með honum Íslands tvisvar áður, síðast nú um páskana. Báðir hafa þeir Keith og Tam spilað í nokkuð þekktum rokk-sveitum í Bretlandi um árabíl.

Óhætt er að lofa því að gestir hátíðarinnar verði ekki sviknir af uppákomum þar sem þessir víkingar tónlistarinnar stíga á stock og fremja tónlist sína sem engu er lík.

Fyrir aðdáendur þeirra félaga má geta þess að þeir Siggi og Keith eru nú að leggja loka-hönd á nýjan geisladisk sem koma mun út með haustinu.

„Það er alltaf stemning að spila í Vagninum enda staður



Siggi Björns og Keith Hopcroft í góðum gir.

langt á undan sinni framtíð eins og maðurinn sagði. Við munum koma þarna með nýtt

og gamalt í hæfilegum skömmtum þannig að allir eiga að geta skemmt sér vel og dansað uppá

borðum og allt það sem fylgir góðu kvöldi á Vagninum,“ segir Siggi Björns.



Guðrún Pálsdóttir hjá Íbúasamtökum Önundarfjarðar er ein þeirra sem leitt hafa umhverfisátakið á Flateyri.

Íbúasamtök Önundarfjarðar og Ísafjarðarbær í umhverfisátaki:

Mikil samstaða um fegrun Flateyrar

Það fer ekki fram hjá neinum þegar ekið er um Flateyri að þorpið hefur tekið miklum breytingum. Hvarvetna er verið að gróðursetja tré og runna auk þess sem opin svæði hafa verið grædd upp og er engu líkara en ekið sé um suðræn lönd þegar ekið er um

þorpið. Umhverfisátakið er unnið í samvinnu Ísafjarðarbæjar og Íbúasamtaka Önundarfjarðar.

Til að létta undir með fólki hafa Íbúasamtökin haft milli-göngu um að útvega garðagróður, málningu og fleira sem til þarf þegar gera á þorp fallett

og aðlaðandi. Þetta verkefni hefur að mestu hvílt á herðum þeirra Jóhönnu G. Kristjánsdóttur og Guðrúnar Pálsdóttur.

„Þetta er þriggja ára umhverfisverkefni sem Íbúasamtökunum var falið að hafa með höndum. Helsta markmið átaksins er að fegra ásýnd

þorpsins en þetta er síðasta ár verkefnisins. Það er mjög ánægjulegt hvað Flateyringar hafa sýnt þessu mikinn áhuga“ segir Guðrún.

Auk þess sem stóráttak hefur verið gert í gróðurmálum og ræktun hafa flestar götur á staðnum verið lagðar bundnu slitlagi og gangstéttir lagðar við þær og (vonast íbúar eftir að fljótlega verði lokið við að leggja bundið slitlag á þær götur sem eftir eru. Nokkuð er um að einstaklingar hafi tekið sér opin og munaðarlaus svæði í fóstur og er nú búið að rækta upp nokkur slík svæði.

Við innkeyrsluna í þorpið hafa þorpsbúar sameinast um að gera fallega gróðurvin við svokallað litlalon skammt ofan við smábátahöfnina. Þegar því verki lýkur verður þar útivistarparadís með borðum og bekkjum fyrir alla fjölskylduna.

„Ég vona að Flateyringar haldi áfram á þessari braut því við getum verið stolt af þorpinu okkar, það er sérstök ánægja hvað hefur náðst mikil samstaða um þetta meðal íbúa á staðnum og ég vil þakka öllum þeim sem hafa lagt okkur Flateyringum lið í þessu verkefni. Markmiðið er að sem mest verði búið að þorpið tjaldi sínu fegursta þegar við tökum á móti hinum GrænlenSKU gestum okkar þann 10. júlí næstkomandi,“ segir Guðrún.



Langi Mangi *café*
ADALSTRÆTI 22
SÍMI 456 3022

Sípa í hádegisnu
Léttir réttir
Kaffi og kökur

Opið mán-fim 10-23
fös-lau 10-01
sun 11-23

Við opnum snemma og lokum seint alla daga vikunnar. Fjölbreytt úrval af matvörum og öðrum rekstrarvörum

HAMRABORG EHF.
HAFNARSTRÆTI 7 • ÍSAFIRÐI • SÍMI 456 3166

ÞÚ FÆRÐ GRILL OG GRILLVÖRUR Í FJÖLBREYTTU ÚRVALI Á ÞJÓNUSTUSTÖÐVUM OLÍS UM ALLT LAND

olís

ÞÚ FINNUR MUNINN

Læknirinn sem skemmtir lýðnum

„Þetta verður hátíð ársins á Vestfirðum og þó víðar verði leitað. Ég er þess fullviss að svona hátíð er mikilvæg fyrir heilsu fólks og getur gert meira fyrir þá sem koma og njóta hennar en heilt lyfjabúr getur gert,“ segir Lýður Árnason héraðslæknir á Flateyri. Hann er einn af þeim sem létta munu hátíðargestum lund með skemmtiatriðum á Grænlenstum nóttum á Flateyri.

Lýður héraðslæknir hefur með dyggri aðstoð haldið uppi menningarlífi á Flateyri og verið óspar á tíma og fyrirhöfn í því skyni að skemmta sér og öðrum. Athygli vakti þegar hann og Ólafur Ragnarsson, skipstjóri og hljómlistamaður, sóttu um að þjóna Flateyrrarprestakalli og hugðust þeir félagar láta launin sín renna

til fátækra. Í framhaldi af umsókn sem reyndar var hafnað stóðu þeir félagar fyrir veglegri poppmessu í kirkjunni á staðnum og náðu að tvífylla hana á einu og sama kvöldinu. Þá hefur þessi kraftmikli læknir og fjöllistamaður í samstarfi við félag sína getið sér frægð fyrir kvikmyndagerð og ber þar hæst bíómyndina *Í faðmi hafnsins* sem var páskamynd Sjónvarpsins á síðast ári. Meðfram þessu og því að gæta heilsu þorpsbúa hefur Lýður gert nokkra hljómdiska með frumsömdu efni og staðið fyrir ótöldum skemmtunum á Vestfirðum.

Lýður vill aðspurður ekki gera mikið úr framtaki sínu á sviði menningar og lista enda er maðurinn hógvær. „Kannski er ég læknirinn sem skemmtir

lýðnum“, segir hann hugsi og tekur af sér hlustunarpípuna. Hann segir að menningin sé örugglega fyrirbyggjandi gegn ýmsum streytusjúkdómum og hann sé þannig að vinna skylduverk með fyrirbyggjandi aðgerðum sem þar að auki létti af honum álagi með því að færri þurfi að leita læknis.

„Núna fyrir hátíðina mun ég húa saman nokkrum vinum mínum og gera nýtt prógramm fyrir þessa einstæðu hátíð. Þótt Flateyri sé ekki fjölmennur staður er hér ótrúlegur fjöldi hæfileikafólks og listamanna sem geta gert hátíðina ógleymanlega öllum þeim sem koma. Svo verður þetta veglegur vettvangur til að kynna nýja plötu sem við erum að gera og betri kynningu verður varla hægt að fara fram á.“



Skákdrottning Hróksins á Flateyrrahátíðinni:

Perlan frá Bratislava og gullsmiðurinn frá Ísafirði

Einn af hápunktum Flateyrrahátíðarinnar verður sunnudaginn 13. júlí kl. 16 þegar Árni Höskuldsson gullsmiður frá Ísafirði afhendir Regínu Pokornu, skákdrottningunni ungu frá Bratislava, gullhálsmen sem Árni hefur hannað í tilefni af þreföldum sigri Hróksins á Íslandsmóttinu 2003. Regína, sem kölluð hefur verið „perlan frá Bratislava“ mun svo tefla fjöltefli við börn og fullorðna.

Ekki þarf að kynna Árna Höskuldsson fyrir Vestfirðingum. Hann er frá Ísafirði en hefur í áratugi rekið gullsmiðaverkstæði og verslun við Bergstaðastræti í Reykjavík, og er kunnur fyrir listfengi og vönduð vinnubrögð. Hann er sérlegur gullsmiður Hróksins og hefur hannað verðlaunagripifélagsins með glæsibrag.

Regína Pokorna er 21 árs og ólst upp í Bratislava, höfuðborg Slóvakíu sem áður tilheyrði Tékkóslóvakíu. Regína lærði mannganginn af föður sínum, Rudolf Pokorný, þegar hún var kornung og sýndi snemma snilldartilþrif við skákborðið. Á táningsaldri var hún orðin besta skákkona

Slóvakíu og árið 1999 varð hún Evrópumeistari 20 ára og yngri. Tveimur árum síðar leiddi hún Slóvakíu til sigurs á Evrópumóti landsliða, sem var frábær árangur hjá svo litlu landi.

Regína varð fyrst kvenna til að tefla með A-liði Hróksins á Íslandsmóti skákkfélaga nú í vetur. Hrókurinn sem varð Íslandsmeistari í fyrsta skipti vorið 2002, eftir samfellda sigurgöngu úr 4. deild, hafði titil að verja og tefldi fram firmasterku liði. Þar stóð Regína sannarlega fyrir sínu, og í kjölfarið hlaut hún fyrstu verðlaun kvenna á hinu firmasterka Eddu-skákmóti sem Hrókurinn hélt í Borgarleikhúsinu.

Hálsmen Árna Höskuldssonar er hannað í tilefni af þreföldum sigri Hróksins nú í vor. Þá sigraði A-lið félagsins í 1. deild, B-liðið sigraði í 2. deild og C-liðið í 3. deild. Menið, sem er úr gulli, verður selt til styrktar barnastarfi Hróksins, en þar mun Regína leika stórt hlutverk næsta vetur. Börn og fullorðnir eru sannarlega hvattir til þess að spreyta sig í fjölteflinu gegn skákdrottningu Hróksins!



Regína Pokorna, skákdrottning Hróksins.

TAXI Leigubílar - Rútubílar
 Ísafirði • Sími 456 3518

KUBBUR ehf.
 Sími 456 3095 og 456 3751

FISKMARKAÐUR FLATEYRAR
 Hafnarbakka, 425 Flateyri
 Sími 456 7818 • Fax 456 7817


OLÍUFÉLAGIÐ HF.

AstraZeneca
 Hörgatúni 2, 210 Garðabæ
 Sími 535 7151 • Fax 565 7366

 **HEIMSKAUTAHARDFISKUR**
 EG Fiskverkun
 Drafnargötu 6, 425 Flateyri
 Sími 456 7671

 **BÍLATANGI HF.**
 Bílaverkstæði: Sími 456 4580
 Bílasala: Sími 456 3800
 Fax 456 3545
 Suðurgötu 9, 400 Ísafirði

NORÐURBORG - FISKVERKUN
 Þingeyri
 456 8100

 **PRYMUR HF. - Vélsmiðja**
 Suðurgötu 9, 400 Ísafirði • Sími 456 3711, fax 456 4701

GRÆÐIR SF.
 Verktakar - vinnuvélar
 Varmadal - Flateyri
 456 7652 & 893 3067

Trommudans og handverk

Trommudansari og handverksmaður, báðir frá Kulusuk í Austur-Grænlandi, munu kynna arfleifð Inúíta. Báðir eru þeir „Andar“. Þeir Anda Kuitsi trommudansari og Anda Kilimi handverksmaður. Þeir hafa áður komið til Íslands og komið við sögu nokkrum sinnum í Vestnorræna menningarhúsinu í Hafnarfirði.



Þorp í þorpi

Íbúar frá Nanortalik munu slá upp tjöldum og setja upp Inúítaþorp á grundinni fyrir framan Vagninn. Fólkið mun sýna handverk til forna og klæðast að hætti forfedra sinna. Alls munu á annan tug barna og fullorðinna frá Nanortalik sýna leik og störf í þorpinu þá daga sem hátíðin stendur. Meðal annars verða veiddir selir í Önundarfirði og grillaðir að grænlenstum hætti. Nanortalik er syðsti bær Grænlands og jafnframt vinabær Ísafjarðar svo það er vel við hæfi að íbúarnir heimsæki Flateyri.





Reynir Torfason myndlistarmaður við trönnurnar á vinnustofu sinni.

Teiknaði síld á dýptamæli

Einn þeirra listamanna sem sýna munu hátíðargestum verk sín á Grænlenstum nóttum á Flateyri er listmálarinn Reynir Torfason sem um árabíl hefur helgað listagyðjunni starfskrafta sína. Reynir var lengst af sjómaður á vertíðarbátum frá Ísafirði. Hann var einn þeirra sem freistuðu gæfunnar á síldinni og þar gafst oft góður tími til að teikna.

„Ég teiknaði sífelld þegar færi gafst og síðasta sumarið á síldinni var nógur tími. Við

vorum að þvælast við Jan Mayen og Svalbarða allt sumarið og síldin löngu búin og horfin. Þarna held ég að það hafi bjargað andlegri heilsu minni að sitja við og teikna endalaust hafíð, fjöll og báta. Síðan hafa þetta verið helstu viðfangsefni mín. Ég hafði ekkert til að teikna á en fékk notaðan dýptamælispappír, nóg var af honum, og teiknaði á hann. Einhvern tímann teiknaði ég lóðningu inná pappírinn sem var í gamla Simrad dýptamælinum og það

varð uppi fótur og fit. Ég náði að stoppa stýrimanninn áður en kastað yrði á þessa heimatilbúnu lóðningu,“ segir hann og vill sem minnst gera úr því að hann sé listamaður þrátt fyrir að hafa haldið fjölda sýninga þar sem verk hans hafa notið vinsælda.

„Ég hef haldið margar sýningar. Venjulega gerist það þannig að einhverjir aðrir ákveða að ég eigi að sýna eins og núna á Flateyri. Líklega hef ég haldið of margar sýningar ef eitthvað er,“ segir Reynir

og hlær við.

Verk Reynis eru ekki föst í formi og sjá má ólíka stíla á vinnustofunni hjá honum en þó er ljóst vestfirsk náttúra er honum ofarlega í huga og sjálfur segir hann að hafíð sé komið í hverja mynd áður en hann viti af.

„Ég er áhrifagjarn og alæta á stefnur og stíla og mála alls konar myndir. Það var sagt við mig að ég ætti að koma mér upp mínum stíl þannig að fólk þekkti verkin mín en ég held að ef fólk getur ekki lesið nafnið mitt á verkunum geti það varla þekkt einhver stílbrigði í myndlist. Það er helst að boglínur hafi náð tökum á mér enda eru þær ráðandi í umhverfinu. Jörðin er hnöttótt og það eru aldeilis bogar svo ekki sé talað um kvenlíkama. Þar njóta bogalínurnar sín enda trúi ég því að guð sé kona, ef guð er til,“ segir hann.

Reynir segist fyrst og fremst vera að þessu fyrir sjálfan sig, sköpunin færi honum hughrif sem hann nái ekki með öðru móti. Jafnvel sé hægt að verða illur við sjálfan sig ef hughrifin séu mikil en skili sér ekki á strigann.

Auk þess að vera með sýningu á verkum sínum á hinum Grænlenstum nóttum mun Reynir leggja til eitt verk í happdrættisvinning á hátíðinni.



Appapapii á Flateyri:

Sjö stélfjaðrir svartfugls

Einn sérstæðasti viðburðurinn á Grænlenstum nóttum verður eflaust þegar trommusveitin Appapapii treður upp. Nafn sveitarinnar er á íslensku Stélfjaðrir svartfugls.

GrænlenSKI myndlistarmaðurinn Miki Jacobsen, fer fyrir þessari sjö manna trumbusveit

sem vakið hefur mikla athygli fyrir tónlist sína sem er sambland af afrískum, grænlenstum og öðrum trumbum. Hin sérstæða tónlist er sambland af trommuleik og söng.

Appapapii hefur víða troðið upp á ferli sínum og jafnan vakið mikla athygli.

Gamla gistihúsið

Mánagötu 5, 400 Ísafirði



Sími 456 4146, 897 4147



Sími 456 5500

Árnagötu 3, Ísafirði

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN
ÍSAFJARÐARBÆ



Hafnarbakka, 425 Flateyri

Sími 456 7700

STUDIO DAN

Líkamsrækt • Nudd • Pottur • Ljós



Hafnarstræti 15 - 19, Flateyri

456 7751



LÍFEYRISSJÓÐUR
VESTFIRÐINGA



456 4644

Verslun Ísafirði
Mjallargötu 1



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN HF.

Hafnarstræti 7, 400 Ísafirði
Sími 450 5200 • Fax 456 5392



ORKUBÚ VESTFJARÐA

Stakkanesi 1, 400 Ísafirði
Sími 450 3211 • Fax 456 3204

HAPPDRÆTTI

Á Grænlenstum nóttum verða seldir happdrættismiðar gestum til gleði enda vinningar veglegir. Alls eru þrjátíu vinningar í boði og því eftir nokkru að slægjast. Helidarverðmæti þeirra er 439.800 krónur.



1. vinningur: Ævintýraféð fyrir tvo til Brúttuhlíðar á Suður-Grænlandi, með bátstærð og gistingu í 4 nætur. Andvirði 150.000 kr.

2. vinningur: Málverk eftir Reyni Torfason listmálara. Andvirði 100.000 krónur.

3-4. vinningur: Stórvirkilö Island í aldanna rás eftir Illuga Jökulson frá JPV forlagi. Andvirði 40.000 kr.

5. vinningur: Vikudvöl í mannlífs- og menningarsetri Öfnirðingafélagsins að Solbakka. Andvirði 35.000 kr.

6. vinningur: Winterwonderland féð fyrir tvo með Allrahanda upp á íslensku úrgrfin. Andvirði 24.000 kr.


7. vinningur: Gullfoss og Geysir, skoðunarferð fyrir tvo að þessum náttúruperlum með Allrahanda. Andvirði 8.000 kr.

8. vinningur: 10 tíma ljósakort hjá Studio Dan á Ísafirði. Andvirði 5.500 kr.

9-11. vinningur: Selður Grænlands, bók Reynis Traustasonar um Íslendinga búsetta á Grænlandi. Andvirði 3.500 kr. hver vinningur.

12-19. vinningur: GrænlenSKIR tónlistardiskar með ýmsum listamönnum. Andvirði 2.000 kr. hver vinningur.

20-30. vinningur: Geislaskurinn Wild Rover Man með Sigga Björns og Keith Hopcroft. Andvirði 1.000 kr. hver vinningur.



Vertu með allt á hreinu!

Kannstu við tilfinninguna að hafa fjármúlin á hreinu? Hún kviknar þegar þú hefur góð tök á máttinum, yfirsýn og engar áhyggjur. Við hjá Íslandsbanka leggjum okkur fram um að veita framúrskarandi fjármálaþjónustu svo að þú getir haft allt á hreinu í fjármálum.

Kynstu þér þjónustu okkar í næsta öðuból, þringdu í þjónustuverið í síma 440 4000 eða líktu á isb.is

